



UMHVERFISSTOFNUN

Akureyri 12. september 2016

UST201608-088/S.R.B.

11.09

Efni: Skil á refa -og minkaskýrslum 2015/2016

Sveitarstjórnir og upprekstrarfélög eru minnt á að skila uppgjöri vegna refa- og minkaveiða á uppgjörstímabilinu 1.9.2015-31.8.2016 **fyrir 15. október 2016.**

Í 11. grein reglugerðar um refa- og minkaveiðar segir:

"Uppgjörstímabil vegna refa- og minkaveiða er frá 1. september ár hvert til 31. ágúst næsta ár. Skylt er oddvitum, sveitarstjórum, bæjarstjórum og öðrum þeim, er sjá um framkvæmd refa- og minkaveiða, að senda Umhverfisstofnun skýrslu um veiðina ásamt grenjaskrá, upplýsingum um ný greni og reikningsyfirliti innan 6 vikna frá lokum uppgjörstímabils.

Umhverfisstofnun endurskoðar reikninga vegna refa- og minkaveiða. Úrskurði Umhverfisstofnun að reikningar séu réttir og hóflegir endurgreiðir ríkissjóður viðkomandi sveitarfélagi hluta kostnaðar í samræmi við auglýstar reglur um þátttöku ríkisins í refa- og minkaveiðum.

Umhverfisstofnun skal árlega birta upplýsingar um veiðarnar og kostnað við þær.

Vanræki sveitarstjórn að framfylgja fyrirmælum þessarar greinar er umhverfisráðherra heimilt að svipta það sveitarfélag framlagi því úr ríkissjóði sem gert er ráð fyrir í reglugerðinni, eitt ár í senn."

Mikilvægt er að skýrslur ásamt afritum af öllum reikningum og kvittunum vegna veiðanna berist sem fyrst en endurgreiðslur ríkissjóðs fara fram í þeirri röð sem skýrslur berast. **Mikilvægt er að skýrsluform sé fyllt út af sveitarfélaginu** þar sem veiðin er tekin saman og skilað inn með reikningum (hægt er að óska eftir skýrsluforminu hjá Umhverfisstofnun). Hægt er að skila upplýsingunum inn rafrænt á ust@ust.is merkt Refa-og minkaveiðar 2015-2016.

MINKAVEIÐAR*

Ríkissjóður endurgreiðir **allt að 50%** útlagðs kostnaðar og verðlauna fyrir löglega unna minka svo fremi að greiðslur fari ekki fram úr þeim viðmiðunartölum sem hér fara á eftir:

Verðlaun fyrir unna minka	3.000- kr.
Tímakaup ráðinna veiðimanna	1.500 kr/klst.
Akstur	110 kr/km.

REFAVEIÐAR*

Endurgreiðsla vegna refaveiða miðast við hlutdeild af ofangreindum viðmiðunartöxtum og verðlaunum eftir því sem **samningar** ríkisins við viðkomandi sveitarfélög leyfa á grundvelli fjárveitingar á fjárlögum.

Verðlaun fyrir unna refi	7.000- kr.
Verðlaun fyrir yrðlinga	1.600- kr
Tímakaup ráðinna veiðimanna	1.500- kr/klst
Akstur	110- kr/km

*Umhverfis- og auðlindaráðuneytið hefur ekki gefið út viðmiðmunartaxta fyrir umrætt tímabil. Um er að ræða taxta fyrir tímabilið 2014-2015 að undanskildum aksturstaxta sem lækkar úr 116 kr/km í 110 kr/km í samærmi við akstursgjald ríkisstarfsmanna-auglýsing nr. 3/2015.

Virðingarfyllst

Steinar Rafn Beck

Steinar Rafn Beck Baldursson